

Karлакór Hreppamanna - Undirbúningsnefnd vegna Kötllumóts.

Efni: Boðað er til Kötllumóts 16. október á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Karлакór Hreppamanna er gestgjafi Kötllumóts, Sambands sunnlenskra karlakóra, en söngmótið verður haldið á Flúðum 16. október 2010. Í Kötlu eru 12 starfandi karlakórar og þess vænst að þeir taki sem flestir þátt í mótinu. Það gefur auga leið að mikil skipulagsvinna er framundan hjá mótshöldurum. Skipuð hefur verið sérstök undirbúningsnefnd að hálfu Karlakórs Hreppamanna. Í nefndinni eru: Magnús H. Sigurðsson, formaður, magnush@simnet.is, Brynjar Sigurðsson, heidibisk@uppsveitir.is, Guðjón Birgisson, melum@simnet.is, Gunnlaugur Magnússon, varaformaður, midfell1@simnet.is, Sigurður Bjarnason, siggi@arborg.is, Prándur Ingvarsson, thrandarholt@hotmail.com, Ísólfur Gylfi Pálmason, ritari, isolfur@fludir.is, Formaður Karlakórs Hreppamanna er Aðalsteinn Þorgeirsson, hrafnkelsstadir@simnet.is en stjórnandi kórsins er Edit Molnár, edit@simnet.is Edit Molnár hefur fengið það hlutverk að vera í forsvari stjórnenda og mun velja sér til aðstoðar nokkra stjórnendur annarra kóra m.a. til að velja og stjórna flutningi sameiginlegra laga á mótinu. Símar Editar eru 486-6610 og 861-7428. Á Kötllumótinu má reikna með um 500 söngfélögum sem leiða saman hesta sína, og syngja við raust. Ef allir 12 aðildarkórararnir mæta til mótsins, sem við vonum, og hver kór flytji 5 til 6 lög verða 60 til 70 söngatriði í boði auk sameiginlegra laga. **Aðildarkórar eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna þátttöku sína fyrir 15. febrúar nk., til formanns undirbúningsnefndar Magnúsar H. Sigurðssonar, Birtingaholti, 845 Flúðir og senda jafnframt afrit af þátttökutilkynningunni til formanns Kötlu, Valdimars Bragasonar, Heiðarvegi 12, 800 Selfoss, valdibraga@simnet.is.** En undirbúningsnefndin vinnur í nánú samráði við stjórn Kötlu og reyndar einnig Karlakórs Hreppamanna. Í þátttökutilkynningu komi fram nafn, sími og netfang kórstjórnenda og formanna kóranna. Einnig áætlaður fjöldi þátttakenda. Niðurstöður þessarar könnunar verður send út til kóranna strax og hún liggur fyrir. Áformað er að gefa út sönghefti með sameiginlegum lögum. Þetta er svipað hefti og gefið var út á vegum landsmóts SÍK í Hafnarfirði 2005. Heftin verða seld þátttökukórunum á kostnaðarverði. Fyrirhugað er að fá sérstaka undirleikara t.d. hljóðfærahóp til þess að leika með flutningi sameiginlegra langa.

Þau lög eða verk sem kórararnir hyggjast flytja á Kötllumótinu óskast tilkynnt til undirbúningsnefndarinnar ásamt um nöfnum höfunda og útsetningar. Einnig er nauðsynlegt að fá nöfn stjórnenda og undirleikara hvers kórs, nöfn einsöngvara eða annarra sem að flutningi laganna koma. Þessar upplýsingar verða notaðar í sérprentaðri efnisskrá vegna söngmótsins. Hugmyndir eru uppi um að hljóðrita tónleikanna bæði sameiginlega og hjá einstökum kórum. Velja góðar upptökur og gefa út á CD disk. Hótelhaldarar á Hótel Flúðum, þau Guðmundur Sigurhansson og Margrét Runólfsdóttir útvega gistingu á hótelinu eða í nágrenni Flúða. Síminn á Hótel Flúðum er 486-6630 og tölvupóstfang fludir@icehotels.is.

Að lokum skal minna gjaldkera kóranna að þeir verða að vera skuldlausir (hafa greitt félagsgjöld) til Kötlu þegar þátttaka er tilkynnt á þetta spennandi söngmót.

f.h. Karlakórs Hreppamanna, undirbúningsnefndar

f.h. Kötlu

Magnús H. Sigurðsson, formaður

Valdimar Bragason, formaður